

28

20. febr.

Sjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn í Staðarhólsþingum, formaður, hreppstjóri Saurbæjarhrepps og formaður kvenfélags Saurbæjarhrepps. Sé þar ekkert kvenfélag, kemur hreppsnefndaroddviti Saurbæjarhrepps í stjórnina.

4. gr.

Þar til sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má verja $\frac{3}{4}$ hluta ársvaxta hans til glaðnings fátækustu konum í Saurbæjarhreppi og þeim, er þar hafa á annan hátt erfiðastar ástæður.

Úthlutar stjórnin glaðning þessum fyrir jól ár hvert Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má úthluta öllum vöxtum hans.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá þeim, er vilja efla vöxt hans og viðgang.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggðri opinberri lánsstofnun. Þó er heimilt að lána allt að $\frac{3}{4}$ hlutum hans út gegn öruggum 1. veðrétti í fasteign, að fengnum tillögum formanns sparisjóðs sýslunnar.

Gera skal árlega reikningsskil fyrir sjóðnum til nefndar þeirrar, er hefur eftirlit með slíkum sjóðum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 1. nóv. 1947.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands fyrir skipulagsskránni.

Staðarhóli, 16. september 1947.

Sigrún Lovísa Ólafsdóttir. Einar Sörensen.

29

7. apríl

AUGLÝSING

um notkun heimildar til þess að innheimta gjöld af innlendum tollvöru-
tegundum með álagi.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 18/1948, og innheimta frá 1. jan. til 10. apríl 1948 með 100% álagi gjald samkv. lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt lögum nr. 121/1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

Enn fremur hefur verið ákveðið að nota heimild laga frá 5. apríl 1948 og innheimta frá 10. þ. m. til ársloka 1948 sömu gjöld með 200% álagi, að viðbættu 50% álagi.

Þetta tilkynnist þeim, er hlut eiga að máli

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.